



## Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf. 16. mars 2016

### Ályktunartillögur fyrir aðalfund félagsins

#### **2. Tillaga um staðfestingu á ársreikningi félagsins.**

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur félagsins fyrir árið 2015 verði samþykktur.

#### **3. Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins.**

Stjórn félagsins leggur til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur kr. 2,17 á hlut fyrir árið 2015. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er um 5.000 milljónir króna. Arðsákvörðunardagur er 16. mars 2016 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 18. mars 2016 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 17. mars 2016 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 15. apríl 2016.

#### **4. Tillaga stjórnar um hlutafjárlækkun í félaginu**

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til samþykktar á aðalfundi félagsins:

„Aðalfundur VÍS, haldinn 16. mars 2016, samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr kr. 2.438.480.516 að nafnverði í kr. 2.296.436.567 að nafnverði, og að eigin hlutum félagsins að nafnverði kr. 142.043.949 sé þannig eytt.“

##### Greinargerð:

Á aðalfundi Vátryggingafélags Íslands hf. þann 12. mars 2015 var samþykkt að heimila stjórn, m.a. í formi formlegrar endurkaupaáætlunar, að kaupa á næstu 18 mánuðum allt að 10% af hlutafé félagsins, þ.e. að hámarki kr. 243.848.052 hluti að nafnverði.

Þann 30. apríl 2015 tók stjórn VÍS þá ákvörðun að framkvæma endurkaupaáætlun um kaup á eigin bréfum í þeim tilgangi að lækka útgefið hlutafé félagsins. Hámarksfjöldi hluta sem áætlunin kvað á um að yrðu keyptir voru að nafnverði kr. 126.903.553 hlutir, en það jafngildir um 5,2% af útgefnu hlutafé félagsins. Fjárhæð endurkaupanna skyldi þó aldrei vera hærri en kr. 1.000.000.000. Heimildin gilti fram að aðalfundi félagsins 2016.

Með tilkynningu til Kauphallar Íslands þann 30. nóvember 2015 var greint frá því að kaupum skv. fyrrgreindri endurkaupaáætlun væri lokið. Þar var einnig greint frá því að samtals hefðu verið keyptir kr. 119.043.949 hlutir að nafnverði í félaginu og að kaupverð hinna keyptu hluta hefði numið samtals kr. 999.999.992 sem jafngildir um 4,88% af útgefnu hlutafé félagsins. Fyrir átti félagið kr. 23.000.000 hluti að nafnverði í félaginu. Um áramótin 2015/2016 átti VÍS því kr. 142.043.949 hluti að nafnverði í sjálfu sér.

Lækkunin verður framkvæmd eins fljótt og unnt er eftir að lögboðnar forsendur fyrir lækkuninni hafa verið uppfylltar, t.d. þegar samþykki Fjármálaeftirlitsins hefur verið aflað.

#### **5. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.**

Stjórn félagsins leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á samþykktum félagsins. Er um þær fjallað í sér skjali sem er hluti af ályktunartillögum þessum.

## **6. Kosið í stjórn félagsins.**

Stjórn félagsins leggur til að kosnir verði fimm einstaklingar í aðalstjórn og tveir í varastjórn fyrir komandi starfsár. Eyðublað vegna framboðs má finna á vefsíðu félagsins, [www.vis.is/fjarfestar](http://www.vis.is/fjarfestar). Framboðsfrestur til setu í stjórn VÍS rennur út kl. 16:00 þann 11. mars nk.

Senda skal undirritað eyðublað á tölvupóstfangið [stjorn@vis.is](mailto:stjorn@vis.is) eða skila á skrifstofu félagsins að Ármúla 3 í Reykjavík fyrir fyrrgreindan tíma. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnarsetu verða lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Upplýsingarnar verða auk þess aðgengilegar á vefsíðu félagsins.

## **7. Tillaga um starfskjarastefnu.**

Eftirfarandi breytingar eru helstu breytingar á núgildandi starfskjarastefnu félagsins sem stjórn leggur til við aðalfund að verði samþykktar:

Við 1. mgr. 1. gr. bætist eftirfarandi:

„Stjórn ber ábyrgð á starfskjarastefnu félagsins og að til staðar séu ferlar og eftirlit með því að henni sé fylgt eftir.“

4. mgr. 1. gr. verði felld niður í núverandi mynd, og í staðinn komi eftirfarandi texti:

„Starfskjör og kaupaukar skulu vera með þeim hætti að stuðla að því að félagið nái markmiðum sínum og samræmast gildum félagsins, árangursmælikvörðum, stöðu félagsins á hverjum tíma, lögum, góðum viðskiptaháttum og venjum og heilbrigðum og traustum rekstri félagsins. Stefnan skal ekki hvetja til óhófllegrar áhættutöku eða leiða til hagsmunaárekstra. Árlega skal leita áhlits áhættustýringar á áhrifum starfskjara á áhættutöku og rekstur félagsins og áhlits regluvörslu varðandi fylgni við lög og reglur“

Grein 3.2. verði felld niður í núverandi mynd, og í staðinn komi eftirfarandi texti:

„Þóknun til stjórnarmanna og varamanna fyrir komandi starfsár skal ákveðin á aðalfundi ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. a laga nr. 2/1995, um hlutafélag. Á aðalfundi skal jafnframt tekin ákvörðun um laun fyrir setu í undirnefndum stjórnar.“

Stjórn skal leggja fram tillögu á aðalfundi félagsins um þóknun vegna stjórnarstarfa og starfa í undirnefndum fyrir komandi starfsár. Skal þóknunin taka mið af þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir, því flókna umhverfi sem félagið starfar í, vinnuframlagi sem þörf er á starfsins vegna auk þess sem litið skal til þóknunar til stjórnarmanna sambærilegra félaga.

Ekki er heimilt að greiða eða umbuna stjórnarmönnum á annan hátt en að framan greinir.“

Grein 3.5 um starfskjör annarra starfsmanna verði bætt við stefnuna en hún hljóðar svo:

„Starfskjör annarra starfsmanna

Starfskjör annarra starfsmanna skulu vera samkeppnishæf á íslenskan mælikvarða. Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til þeirra skal taka mið af menntun og reynslu starfsmanns, ábyrgð og umfangi starfsins og miða við þann markaðshóp sem viðkomandi tilheyrir.

Við starfslok skal almennt ekki samið um lífeyris- eða starfslokagreiðslur umfram það sem fram kemur í ráðningarsamningi. Þó skulu greiðslur aldrei miðast við lengri tíma en lög mæla fyrir um.“

Að öðru leyti er vísað til draga að nýrri starfskjarastefnu í heild sem fylgir með aðalfundarboði en drögin innihalda einnig aðrar smávægilegar breytingar. Uppfærð starfskjarastefna með öllum

breytingum sem lagðar eru til er hluti af aðalfundargögnum, einnig drög að starfsreglum um kaupaukakerfi félagsins.

#### **8. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda stjórnar.**

Lagt er til að mánaðarleg stjórnarlaun verði óbreytt frá aðalfundi félagsins 2015, þ.e. kr. 350.000,- fyrir almennan stjórnarmann og kr. 600.000,- fyrir formann. Varastjórnarmenn fái greidda eingreiðslu að fjárhæð kr. 350.000,- í upphafi starfsárs og að auki kr. 100.000,- fyrir hvern fund sem þeir mæta á. Þóknun fyrir formennsku í endurskoðunarnefnd verði kr. 160.000 á mánuði en aðrir nefndarmenn fái kr. 80.000 á mánuði. Þóknun fyrir nefndarmenn í starfskjaranefnd verði kr. 50.000 fyrir hvern fund.

#### **9. Kosning endurskoðunarfélags.**

Stjórn leggur til að KPMG ehf. verði endurkjörið sem endurskoðunarfélag VÍS til næsta árs.

##### Greinargerð:

KPMG ehf. var kosið endurskoðunarfélag VÍS til fimm ára á aðalfundi félagsins 7. mars 2013, sbr. 4. mgr. 57. gr. laga um váttryggingastarfsemi. Í samræmi við lög um ársreikninga og samþykktir félagsins þarf aðalfundur þó að staðfesta ráðningu endurskoðunarfélags árlega.